

Skýrsla stjórnar Etadeildar 2010-2012

Stjórn Etadeildar 2010-2012 skipuðu:

Auður Torfadóttir formaður
Anna Magnea Hreinsdóttir varaformaður
Ólöf Helga Þór gjaldkeri
Þórunn Blöndal ritari
Kristín Steinarsdóttir vefstjóri

2011-2012 tók Kristín Helga Guðmundsdóttir við vefstjórn í veikindaförföllum Kristínar Steinarsdóttur.

Tvær konur sögðu sig úr samtökunum 2010, tvær voru teknar inn 2011 og aðrar tvær 2012 og eru félagskonur nú 30 talsins.

Alls voru haldnir sex fundir hvort starfsár. Þeir voru haldnir á ýmsum veitingastöðum þar sem deildarsystur borðuðu saman léttu máltíð og stóðu fundir frá 18:00 til 20:00. Fyrirkomulag starfsins í deildinni var í anda þess sem var á kjörtímabili fyrri stjórnar. Deildarsystur skiptust í fjóra hópa sem hver sá um að skipuleggja og halda utan um einn fund í samráði við stjórn deildarinnar. Hefð er fyrir því að skipulag og inntak fyrsta og síðasta fundar starfsárs sé alfarið í höndum stjórnar. Við höldum okkur við þá hefð að vera með orð til umhugsunar í upphafi fundar og hefur margt athyglisvert og áhugavert komið fram. Það hefur einnig myndast sú hefð að veita hrós/rós þeim konum sem hafa á einhvern hátt skarað fram úr, afrekað eitthvað sem hefur vakið athygli eða valist til ábyrgðarstarfa.

Á árunum 2006-2008 fór fram stefnumótunarvinna þar sem deildarsystur komu sér saman um gildi, hlutverk og framtíðarsýn Etadeildar með hliðsjón af markmiðum alþjóðasamtakanna. Í kjölfarið voru sett markmið fyrir deildina sem enn er unnið eftir, en þau eru: *Að hafa forystu í faglegri umræðu, Að efla innbyrðis tengsl deildarsystra og Að auka samstarf við konur úr öðrum deildum.* Hóparnir skiptust á þessi markmið og einn hópur sá um jólafund. Fjórða markmiðið var *Að velja verkefni utan deildar til að vinna að* þar sem okkur langaði til að láta gott af okkur leiða út á við. Þetta markmið tengdist í fyrstu heimanámsverkefninu Heilahristingi sem við komum lítillaga að og höfum enn smávegis tengsl við, en við höfum enn ekki fundið þessu markmiði þann farveg sem við hugsuðum okkur. Það er skoðun okkar að deildin sé of fámenn og hafi þess vegna ekki bolmagn til að fara út í verkefni sem við myndum ráða vel við. Við höfum þó bolmagn til að leggja okkar af mörkum til verkefnisins Schools for Africa.

Það má segja að markmiðið *Að hafa forystu í faglegri umræðu* hafi verið fyrirferðarmikið hjá okkur og kannski hefur sumum þótt nóg um. En það var margt á döfinni í menntamálum þessi árin, margir góðir fyrirlestrar í tengslum við 100 ára afmæli háskólans og útkomu nýrra námskráa. Við stóðum okkur líka nokkuð vel í því að auka samstarf og samveru með konum í öðrum deildum með heimsókn til Deltadeildar, jólafundi með Alfadeild og Þetadeild, að ógleymsdu skemmtikvöldi með deildum af höfuðborgarsvæðinu sem einn hópurinn okkar skipulagði. Við reyndum einnig eftir megni að efla okkar innbyrðis tengsl og hafa það skemmtilegt saman.

Það ríkti almennt samkennd, gleði og áhugi á fundum, en það er nokkuð áhyggjuefni að fundarsókn var ekki alltaf eins góð og hún ætti að vera. Etakonur eru að vísu önnur kafnar, margar hverjar í krefjandi störfum og hafa ýmsum skyldum að gegna, en þetta er

eitthvað sem þarf að ræða.

Hér fer á eftir yfirlit yfir starfsemina.

Fundir 2010-2011:

Fyrsti fundur starfsársins var haldinn 29. september á veitingastaðnum Maður lifandi. Rætt var um starfið framundan. Ingibjörg Jónasdóttir forseti landsambandsins var gestur fundarins og spjallaði við okkur um gildi þess að vera þátttakandi í alþjóðasamtökunum og þá möguleika sem við höfum til að vera virkir þátttakendur, hafa áhrif og njóta góðs af. Spunnust líflegar umræður um ýmis mál sem tengjast alþjóðasamtökunum.

Annar fundur var haldinn 2. nóvember í Kornhlöðunni og var skipulagður af hópi um faglega umræðu. Þar ræddi Jón Torfi Jónasson forseti menntavísindasviðs HÍ um verkefni sem hann vinnur að og nefnir Framtíðarsýn í menntamálum. Þarna komu fram mjög áhugaverðar hugmyndir sem áttu eftir að verða okkur gott veganesti í áframhaldandi umræðu síðar. Það urðu fjörugar umræður og skoðanaskipti á eftir erindi Jóns Torfa.

Jólafundurinn var haldinn 13. desember í Menntaskólanum í Kópavogi þar sem við nutum dýrindis jólaveitinga sem matreiðslumeistarar MK reiddu fram, sérvalið hangikjöt að norðan með tilheyrandi meðlæti og ris á la mande. Kristín Steinsdóttir var gestur okkar og greindi hún frá tilurð bókarinnar *Ljósu*, las upp úr henni og svaraði spurningum. Við sungum jólalög og áttum saman ljúfa stund.

Fjórði fundur var haldinn 3. febrúar á Grand hóteli. Þá tókum við upp þráðinn og spunnum út frá erindi Jóns Torfa frá í nóvember. Hópurinn sem sá um fundinn hafði tekið saman umræðupunkta og fóru fram fjörugar umræður. Þessi fundur var einnig helgaður því markmiði að efla innbyrðis tengsl og var farið í ýmsa hressilega samskiptaleiki.

Fimmti fundur var í höndum hóps um samskipti við aðrar deildir og frá þessum hópi kom hugmyndin um skemmtikvöldið sem haldið var í Nauthól 18. mars og þótti takast sérstaklega vel með góðri þátttöku úr öðrum deildum. Þar fléttaðist saman fróðleikur, orð til umhugsunar, glens og gaman. Frásögn af samkomunni ásamt myndum má finna á heimasíðu landssambandsins og Etadeildar.

Síðasti fundur starfsársins var haldinn á Grand hóteli 12. apríl og þá voru teknar inn tvær nýjar konur, Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir og Kristín Helga Guðmundsdóttir. Gestur okkar var Ingibjörg Jónasdóttir. Eftir hátíðlega athöfn tókum við enn upp þráðinn frá í nóvember. Við ræddum m.a. þá spurningu hvernig skólakerfið gæti stuðlað að bættum samskiptum, siðgæði og samkennd. Þessar umræður um menntamálin hafa verið frjóar og skemmtilegar og hafa þjappað okkur saman.

Fundir 2011-2012:

Fyrsti fundur starfsársins var haldinn á Grand hóteli 4. október. September var mánuður menntavísindasviðs í tilefni 100 ára afmælis HÍ og voru margir áhugaverðir fyrirlestrar í boði. Etakonur höfðu verið hvattar til að mæta á einhverja þessara fyrirlestra og voru margar sem gerðu það. Á fundinum skipuðu konur sér niður í hópa og völdu sér til umræðu einn eða fleiri af þeim fjölmörgu áhugaverðu fyrirlestrum um mennta- og menningarmál sem í boði voru. Vísast hafa þó umræðurnar farið talsvert út fyrir það umræðuefni og ekki óeðlilegt þegar tekið er tillit til þess hversu langt er síðan þessi hópur

hefur hist og spjallað.

Etadeild hafði þegið boð Deltadeildar á Vesturlandi um að koma á fund hjá þeim á Akranesi 2. nóvember. Ekki vildi betur til en svo að það skall á vonskuveður og varð illfært á Skagann. Þetta leiddi til þess að ekki komust allar á leiðarenda, en þær sem náðu sátu mjög góðan fund með Deltasysturum og rómuðu móttökur þeirra.

Jólafundurinn var var haldinn 3. desember í Þjóðmenningarhúsinu í samstarfi við Alfadeild og Þetadeild. Vigdís Finnbogadóttir, sem er heiðursfélagi landssambandsins, var sérstakur gestur fundarins og flutti orð til umhugsunar. Hún ræddi meðal annars um þá svartsýni sem ríkti almennt í þjóðfélaginu og nauðsyn þess að láta hana ekki ná tökum á okkur, sérstaklega vegna barnanna. Hún ræddi um mikilvægi þess að rækta móðurmálið og lagði áherslu á gildi þess að lesa. Herdís Egilsdóttir kynnti nýútkomna bók sína, *Sólarmegin*, og hafði frá ýmsu athyglisverðu og skemmtilegu að segja frá sínum langa starfsferli. Sungin voru jólalög við undirleik Herdísar.

Fjórði fundur var haldinn á Hótel Reykjavík Natura 1. febrúar. Nýjar námskrár voru á dagskrá fundarins. Ólafur H. Jóhannsson sem hefur umsjón með námskrárgerðinni heimsótti fundinn og fór í gegnum helstu breytingar og nýmæli. Hann talaði um grunnstoðirnar sex sem ganga í gegnum allt nám frá leikskóla til framhaldsskóla – þær eru uppistöðurnar sem allt skólustarf á að byggjast á. Góður rómur var gerður að erindi Ólafs og eftir það gafst tækifæri til að ræða málið frekar..

Fimmti fundur var haldinn á Horninu 6. mars. Aðalefni fundarins var frásögn Elísabetar Gunnarsdóttur og Rannveigar Jónsdóttur af þátttöku í Rauðsokkahreyfingunni þar sem þær voru virkar um árabil. Margt áhugavert kom fram og margt rifjaðist upp frá þessum tíma. Konur sem voru virkar í Rauðsokkahreyfingunni urðu að láta ýmislegt yfir sig ganga og baráttan var ekki alltaf auðveld. Það voru sterk öfl í þjóðfélaginu sem ekki voru tilbúin að hlusta. Í haust kom út bókinn *Á rauðum sokkum* þar sem nokkrar konur segja frá árunum sínum í hreyfingunni, m.a. þær Elísabet og Rannveig. Jafnframt því að segja frá, lásu þær stöllur upp valda kafla úr bókinni. Frásögn þeirra var í senn fræðandi og lifandi og á eftir spunnust fjörugar umræður.

Sjötti og síðasti fundur starfsársins var haldinn á Nauthól 15. maí kl 20:00. Þetta var aðalfundur og jafnframt fór fram inntaka nýrra félaga og 15 ára afmælis deildarinnar var minnst. Gestur fundarins var Sigríður Ragna Sigurðardóttir, forseti landsambandsins. Fundurinn hófst á hefðbundnum aðalfundarstörfum. Ný stjórn tók við. Erfitt reyndist að fá konur í formannsembættið og varð úr að sitjandi formaður mun gegna embættinu næsta kjörtímabilið ásamt nokkrum öðrum úr fyrri stjórn. Í nýrri stjórn sitja: Auður Torfadóttir, formaður, Anna Magnea Hreinsdóttir, Bryndís Guðmundsdóttir og Þórunn Blöndal. Kristín Helga Guðmundsdóttir verður vefstjóri og Ólöf Helga Þór verður gjaldkeri. Að öðru leyti á stjórnin eftir að skipta með sér verkum. Að aðalfundarstörfum loknum voru tvær nýjar konur teknar inn í deildina: Ágústa Unnur Gunnarsdóttir og Ragnheiður Jóna Jónsdóttir. Þvínæst var sest að kaffiborði. Að því loknu var skemmtiatriði sem Tanya stjórnaði, Zumba dans, sem gerði mikla lukku. Í lokin voru allar drifnar út á gólf í dansinn og var þetta hressilegur endir á góðum fundi.